

Leikskóli Auðarskóla

---

# Söngvasafn



2012

## *Fiskarnir tveir*

Nú skulum við syngja um fiskana tvo.  
Sem ævi sína enduðu í netinu svo.  
Þeir syntu og syntu og syntu um allt,  
en mamma þeirra sagði, vatnið er kalt.  
Babba búbbú babba bú  
Babba búbbú babba bú  
Þeir syntu og syntu og syntu út um allt,  
en mamma þeirra sagði vatnið er kalt.

Annar hét Gunnar en hinn hét Geir.  
Þeir voru pínulitlir báðir tveir.  
Þeir syntu og syntu og syntu út um allt.  
En mamma þeirra sagði vatnið er kalt.  
Babba búbbú babba bú  
Babba búbbú babba bú  
Þeir syntu og syntu og syntu um allt,  
en mamma þeirra sagði vatnið er kalt.

## *Fiskinn minn*

Eitt sinn for hún Stína litla á sjó  
með pabba sínum.

Hún veiddi ofurlitla bröndukló  
með öngli fínum.

Og daginn eftir mamma hennar plokksfisk bjó  
Stína vildi ei borð' hann.

Hvað viltu ekki fiskinn Stína þó,  
pabbi tók til orða.

Fiskinn minn, nammi, nammi, nammi,  
fiskinn minn, nammi nammi nammi.

## *Þula*

Fagur er fiskur í sjó,  
brettist upp á halanum,  
með rauða kúlu á maganum.

Vanda þanda gættu þinna handa,

vingur slingur, vara þína fingur,  
fetta bretta og nú skal högg á  
litla lófann detta.

## *Krummi svaf í klettagjá*

Krummi svaf í klettagjá,  
kaldri vetrarnóttu á  
:,:Verður margt að meini,:  
fyrir en dagur fagur rann  
freðið nefið dregur hann  
:,:undan stórum steini.::

„Allt er frosið úti gor,  
ekkert fæst við ströndu mor  
:,:svengd er metti mína.:  
Ef að húsum heim ég fer  
heimafrakkur bannar mér  
:,:seppi' úr sorpi að tína.::

Á sér krummi yfði stél,  
einnig brýndi gogginn vel,  
:,:flaug úr fjallagjótum.:  
Lítur yfir byggð og bú,  
á bæjum fyrir en vakna hjú,  
:,:veifar vængjum skjótum.::

Sálaður á síðu lá  
sauður feitur garði hjá  
:,:fyrrum frá á velli.:  
„Krunk, krunk! nafnar, komið hér,  
krunk, krunk! Því oss búin er  
:,:krás á köldu svelli.".:

### *Skýin*

Við skýin  
felum ekki sólina af illgirni,  
við skýin  
erum bara að kíkja á leiki mannanna.  
Við skýin  
sjáum ykkur hlaupa í rokinu,  
klædd gulum, rauðum, grænum, bláum regnkápum  
eins og regnbogi meistarans,  
regnbogi meistarans.  
Við skýin erum bara grá  
bara grá.  
Á morgun kemur sólin,  
hvar verðum við skýin þá?

## *Amma og draugarnir*

Hún amma mín gamla  
lá úti í gljúfri  
dimmt var það gljúfur  
og draugalegt mjög.

En amma mín mælti  
og út af hún hallaði sér:  
“Ég læt engan svipta mig svefni í nótt  
sama hver draugurinn er.”

Kom þar ein skotta  
með skotthúfu ljóta  
tönnum hún gnísti  
glotti og hló.  
En amma mín .....

Kom þar einn Móri  
í mórauðri treyju  
ofan sitt höfuð  
af hálsinum tók.  
En amma mín .....

Kom þar einn Boli  
kenndur við Þorgeir  
æstur í skapi  
og öskraði hátt.  
En amma mín .....

Loks kom hann afi  
að leita að ömmu  
“æ ertu hér” sagði hann  
“elskan mín góð”  
En amma mín .....

### *Krummi krúnkar úti*

Krummi krunkar útik  
Kallar á nafna sinn  
„Ég fann höfuð af hrúti,  
hrygg og gæruskinn.  
Komdu nú og kroppaðu með mér,  
krummi nafni minn x2“

## *Úti er alltaf að snjóa*

Úti er alltaf að snjóa  
því komið er að jólnum  
og kólna fer í Pólunum.  
En sussum og sussum og róa  
ekki gráta elskan mín,  
þó þig vanti vítamín.  
Ávexti eigum við nóga  
handa litlu krökkunum  
sem kúra sig í brökkunum.  
Þú færð í magann þinn mjóa  
melónur og vínber fín.

## *Í fjarlægð*

Þig, sem í fjarlægð fjöllin bak við dvelur  
Og fagarar vonir tengir líf mitt við.  
Hugur minn þráir, hjartað ákaft saknar,  
er horfnum stundum, ljúfum dvel ég hjá.  
Heyrirðu ei, hvern hjartað kallar á,  
heyrirðu storminn kveðju mína ber?  
Þú fagra minning eftir skildir eina  
sem aldrei gleymist, meðan lífs ég er.



## *Er jörðin ekki fyrir alla ?*

Gult fyrir sól, grænt fyrir líf,  
Grátt fyrir þá sem reka menn út í stríð.  
Hvítt fyrir börn sem biðja um frið,  
Biðja þess eins að mega lifa eins og við.  
Er ekki jörðin fyrir alla.

Taktu þér blað, málaðu á það.  
Mynd þar sem allir eiga öruggan stað.  
Augu svo blá, hjörtu sem slá.  
Hendur sem fagnar halda frelsinu á.  
Þá verður jörðin fyrir alla.

(Endurtekið)

Taktu þér blað, málaðu á það...

## *Alli, Palli og Erlingur*

Alli Palli og Erlingur, þeir ætla að fara að sigla,  
vantar vænan bát, en vita afbragðs ráð.  
Þeir fundu gamalt þvottafat, sem farið var að  
mygla,  
sigla út á sjó og syngja hæ, hæ, hó.  
Seglið var úr afarstórum undirkjól.  
Mastrið, það var skófluskaftr og skútan lak og valt.  
Og hæ, og hó og hæ og hó og hí,  
en skítt með það við skulum komast fyrir því.

-Alli vildi ólmur til Ameríku fara  
en Palli sagði Portúgal er þýðisland.  
Ertu frá þér Palli, nú ætlum við að spara,  
siglum nú og stefnum beint á grænlandssand.  
Ertu frá þér Erlingur þú ert að fara á kaf,  
hatturinn þinn fýkur af og feykist út á haf.  
Og hæ, og hó og hæ og hó og hí,  
en skítt með það við skulum komast fyrir því.

## *Snjókorn falla*

∴ Snjókorn falla nú til jarðar eitt og eitt.∴  
nú er skemmtilegt að líta  
okkar landið kalda og hvíta  
snjókorn falla nú til jarðar eitt og eitt.  
Syngjum æ, æ hopp og hí og hæ  
svo það hljómi í þorpi, borg og bæ,  
inn í dölum upp á fjöllum  
ómar loft af hlátrasköllum  
syngjum æ, æ hopp og hí og hæ.

## *Bátasmiðurinn*

Ég negli og saga  
og smíða mér bát.  
Og síðan á sjóinn  
Ég sigli með gát

Og báturinn vagnar  
Og veltist um sæ  
Ég fjörugum fiskum  
Með færinu næ.

## *Ef þú ert súr*

Ef þú ert súr vertu þá sætur  
Sjáðu í speglinum hvernig þú lætur.  
Ekkert er varið í sút eða seiru  
Teigðu á þér munnvikin út undir eyru.

Galdurinn er að geta brosað  
Geta í hláturböndin tosað  
Geta hoppað hlegið sungið endalaust.

Ef þú ert fýldur þá líkistu apa  
Eða krókódíl sem er of fúll til að gapa  
Ekkert er varið í sút eða seiru  
Teigðu á þér munnvikin út undir eyru.

Ef þú ert illur þá líkistu nauti  
Eða eldgömlum potti með viðbrenndum grauti  
Ekkert er varið í sút eða seiru  
Teigðu á þér munnvikin út undir eyru.

## *Við erum ljónafjölskylda*

Við erum ljónafjölskylda  
læðumst yfir sléttuna.  
Gættu þín á tönnum okkar  
Og hvössu kló já

Við finnum lykt af bráðinni  
komdu nú skulum við ná henni.  
Við þefum hana uppi  
Hnusum nú vel hnus vel hnus vel já

Við komum alltaf nær og nær  
sjáðu okkar beittu klær.  
Við hlaupum hratt og tökum rosalegt  
Stökk, stökk, stökk vá.

Ef við sjáum sebrahest  
við gefum honum engan frest.  
Við ráðumst á hann strax og étum hann  
Einn, tveir, þrír NÚ

### *Það er leikur að læra*

Það er leikur að læra  
leikur sá er mér kær.  
Að vita meira og meira  
Meira í dag en í gær.

Bjallan hringir við höldum  
heim úr skólanum glöð.  
Prúð og frjálsleg í fasi  
Fram nú allir í röð.

### *Fimm litlir apar*

Fimm litlir apar sátu upp í tré  
Að stríða herra krókódíl  
Þú nærð ekki mér.

Þá kom hann herra krókódíll  
Hægt og rólega og namm.  
4, 3, 2, 1.

Enginn lítill api situr upp í tré  
Því nú er herra krókódíll

## *Bimm, bamm, bimm*

1,2,3,4,5,

ég veiddi fiskinn Bimm, bamm, bimm.

6,7,8,9,10,

í vatnið Bimbi stökk að nýju

Af hverju fór hann þá,

hann beit í fingurinn æ,æ,á.

Hvaða fingur var það?

Vísifingur nema hvað.

(valinn hvaða fingur sem er)

## *Litlu andarungarnir*

Litlu andarungarnir,

allir synda vel, allir synda vel.

Höfuð hneigja í djúpið og hreyfa lítil stél,

Höfuð heigja í djúpið og hreyfa lítil stél.

Litlu andarungarnir,

ætla út á haf, ætla út á haf.

Fyrst í fjarlægð skima og fara svo í kaf,

fyrst í fjarlægð skima og fara svo í kaf.

## *Strætó*

Hjólin á strætó snúast hring, hring, hring  
hring, hring, hring, hring, hring, hring  
Hjólin á strætó snúast hring, hring, hring  
út um allan bæinn.

Hurðin á strætó opnast út og inn  
út og inn, út og inn  
Hurðin á strætó opnast út og inn  
út um allan bæinn.

Peningarnir í strætó segja kling, kling, kling  
kling, kling, kling, kling, kling, kling  
Peningarnir í strætó segja kling, kling, kling  
út um allan bæinn.

Fólkið í strætó segir bla, bla, bla  
bla, bla, bla, bla, bla, bla  
Fólkið í strætó segir bla, bla, bla  
út um allan bæinn.



Börnin í strætó segja hí, hí, hí  
hí, hí, hí, hí, hí, hí  
Börnin í strætó segja hí, hí, hí  
út um allan bæinn.

Bílstjórinn í strætó segir uss, uss, uss  
uss, uss, uss, uss, uss, uss  
Bílstjórinn í strætó segir uss, uss, uss  
út um allan bæinn.

Flautan á strætó segir bíbb, bíbb, bíbb  
bíbb, bíbb, bíbb, bíbb, bíbb, bíbb  
Flautan á strætó segir bíbb, bíbb, bíbb  
út um allan bæinn.

## *Stóra brúin*

Stóra brúin fer upp og niður,  
upp og niður, upp og niður,  
stóra brúin fer upp og niður,  
allan daginn!

Bílarnir aka yfir brúna,  
yfir brúna, yfir brúna.  
Bílarnir aka yfir brúna,  
allan daginn!

Skipin sigla undir brúna,  
undir brúna, undir brúna.  
Skipin sigla undir brúna,  
allan daginn!

Flugvélar fljúga yfir brúna,  
yfir brúna, yfir brúna.  
Flugvélar fljúga yfir brúna,  
allan daginn!

Fiskarnir synda undir brúna,  
undir brúna, undir brúna.  
Fiskarnir synda undir brúna,  
allan daginn!

Fuglarnir fljúga yfir brúna,  
yfir brúna, yfir brúna.  
Fuglarnir fljúga yfir brúna,  
allan daginn!

Börnin ganga yfir brúna,  
yfir brúna, yfir brúna.  
Börnin ganga yfir brúna,  
allan daginn!

## *Nammilagið*

Ef regnið væri úr bleiku bangsagúmmí  
rosalegt fjör yrði þá.

Ég halla mér aftur með tunguna út  
aa a a a a...(með tunguna úti)

rosalegt fjör yrði þá.

Ef sólin væri á bragðið eins og sleikjó  
rosalegt fjör yrði þá.

Ég halla mér aftur með tunguna út  
aa a a a a...(með tunguna úti)

rosalegt fjör yrði þá.

Ef snjórinn væri úr sykurpúða og poppi  
rosalegt fjör yrði þá.

Ég halla mér aftur með tunguna út  
aa a a a a...(með tunguna úti)

rosalegt fjör yrði þá.

## *Kónguló á gólfinu*

Það er kónguló sem spinnur vef á gólfinu x2  
Hvað er hún að gera inni hér í íbúðinni minni  
Það er kónguló sem spinnur vef á gólfinu.

Það er kónguló sem spinnur vef á fætinum x2  
Ég stappa fótunum og hoppa  
en hún ætlar ekki að stoppa!  
Það er kónguló sem spinnur vef á fætinum.

Það er kónguló sem spinnur vef á maganum x2  
Og svo hunsar hún mig bara  
Er ég segi henni að fara!  
Það er kónguló sem spinnur vef á maganum

Það er kónguló sem spinnur vef á hálsinum x2  
Nei! Nú fór hún yfir strikið  
Þetta kitlar alltof mikið!  
Það er kónguló sem spinnur vef á hálsinum.

Það er kónguló sem spinnur vef á nefinu x2  
Það getur varla orðið verra  
Því hún fær mig til að hnerra!  
Það er kónguló sem spinnur vef á nefinu... Atzjú

Það er könguló sem spinnur vef í hárinu<sup>2</sup>  
Svo nú fer ég bara í sturtu  
Til að skola henni í burtu!  
Það er könguló sem spinnur vef í hárinu  
... en nú hoppar hún af!

Það er könguló sem spinnur vef á gólfinu<sup>2</sup>  
Hún á ekki að vera inni  
Hér í íbúðinni minni  
Það er könguló sem spinnur vef á gólfinu

### *Kalli litli könguló*

Kalli litli könguló klifraði' upp á vegg  
svo kom rigning og Kalli litli féll.  
Upp kom sólin og þerraði hans kropp,  
þá gat Kalli könguló klifrað upp á topp.

## *Andarunginn*

Ég er lítill andarungi

(gera „lítill“ með vísifingri og þumalfingri)

Og mér er svo illt í mínum maga

(strjúka magann með lítilli hringlaga hreyfingu)

Því þar sem ég bý, því þar sem ég bý,

(gera hús með höndunum)

eru allir nískir.

(nudda saman vísifingrum og þumalfingrum).

Þeir gefa mér síld

(lófar saman eins og fiskur sem syndir)

hvern einasta dag en það vil ég ekki hafa.

(hrista hausinn lítilega)

Ég vil heldur, ég vil heldur

(kinka lítilega kalli)

Fá kókakóla

(eins og verið sé að drekka úr lítilli flösku)

og ís

(„sleikja“ upp vísifingur)

(Ath! Hér er sungið sterkar og allar hreyfingar ýktar)

Ég er stór andarungi

(hendur í sundur og langt á milli)

Og mér er svo illt í mínum maga

(strjúka magann með stórri hringlaga hreyfingu)

Því þar sem ég bý, því þar sem ég bý,

(gera hús með höndunum)

eru allir nískir.

(nudda saman vísifingrum og þumalfingrum).

Þeir gefa mér síld

(lófar saman eins og fiskur sem syndir)

hvern einasta dag en það vil ég ekki hafa.

(hrista hausinn mikið)

Ég vil heldur, ég vil heldur

(kinka stórt kolli)

Fá kókakóla

(eins og sé að drekka úr stórri flösku með báðum höndum)

og ís

(„sleikja“ upp andlegg frá olnbogabót)



## *Vinir*

Við erum vinir,

við erum vinir.

Ég og þú,

ég og þú.

Leikum okkur saman,

leikum okkur saman.

Ég og þú,

ég og þú.

## *Afi minn og amma mín*

Afi minn og amma mín,

út á Bakka búa.

Þau eru bæði sæt og fín

þangað vil ég fljúga.

Afi minn og amma mín,

fóru út að hjóla.

Afi datt í drullupoll,

en amma fór að spóla.

## *Ding, dong*

Ding, dong, sagði lítill grænn froskur einn dag,  
ding, dong, sagði lítill grænn froskur.

Ding, dong, sagði lítill grænn froskur einn dag,  
og svo líka ding, dong - spojojojong!

(Blikka augunum til skiptis)

King, kong, sagði stór svartur api einn dag,  
king, kong, sagði stór svartur api.

King, kong, sagði stór svartur api einn dag,  
og svo líka king, kong - gojojogo!

(Slá með hnefum í bringuna)

Blúbb blúbb sagði lítill blár fiskur einn dag.

Blúbb blúbb sagði lítill blár fiskur.

Blúbb blúbb sagði lítill blár fiskur einn dag  
og svo líka blúbb blúbbbbb!

Mm, ðð, sagði lítill græn eðla einn dag,

mm, ðð, sagði lítill græn eðla.

Mm, ðð, sagði lítill græn eðla einn dag,  
og svo líka mm, ðð - blrrllrrllr!

(Reka út úr sér tunguna)

Drunn, drunn, sagði eldgömul drusla einn dag.  
Drunn, drunn sagði eldgömul drusla.  
Drunn, drunn, sagði eldgömul drusla einn dag.  
og svo líka drunn, drunn - druunnnndrunnn!

### *Upp á grænum, grænum*

Upp á grænum, grænum,  
himinháum hól  
sá ég héra hjónin ganga.  
Hann með trommu, bomm,  
bomm, bomm, bomm bomm bomm,  
hún með fiölu sér við vanga.  
Þá læddist að þeim ljótur byssu karl,  
hann miðaði í hvelli.  
En hann hitti bara trommuna sem small  
og þau hlupu og héldu velli.

### *Göngum, göngum*

Göngum, göngum, göngum upp í gilið,  
gljúrabúa til að sjá.  
Þar á klettasyllu svarti krummi  
sínnum börnum liggur hjá.

## *Uglan*

Það var gömul ugla  
Með oddhvasst nef,  
Tvö lítil eyru  
Og átta litlar klær.  
Hún sat upp í tré  
Og svo komst þú,  
Þá flaug hún í burtu,  
Og sagði „ú,ú,ú“

## *Dansar á pallinum (Nafnavísa)*

Nöfn barnanna sett í eyðurnar  
..... dansar á pallinum,  
en ..... skellihlær.  
..... er á sokkunum  
og ..... datt í gær.  
.....keyrir kassabíl með ..... í  
og ..... kastar bolta til .....

*Fljúga hvítu fiðrildin*

Fljúga hvítu fiðrildin  
fyrir utan glugga;  
þarna siglir einhver inn  
ofurlítill dugga.

